

## Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6,  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 7. ágúst 2019

### **Efni: Umsókn um úthlutun á lóð við Hverfisgötu 12 Hafnarfirði fyrir flutning á Hendrikshúsi Strandgötu 17**

Eigendur að Hendrikhúsi sem stendur við Strandgötu 17 sækja hér með um úthlutun á lóðinni við Hverfisgötu 12 með það í huga að flytja Hendrikshús (fastanúmer 207-9439) á.

Undirritaður telur húsið eiga bjartari framtíð í kringum sambærileg hús þ.e. önnur eldri bárujárnsklædd hús. Hverfisgata 12 væri æskileg því þá er húsið í raun á sömu slóðum og það var reist á.

Í þessu sambandi má benda á að Minjastofnun er sama sinnis. Sjá meðfylgjandi bréf frá Minjastofnun Íslands frá dags 28. Júlí 2017.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 2001 er gert ráð fyrir að húsið víki en jafnframt er ákveðin verndun (friðun) á því vegna byggingaraldurs. Í því ljósi óskum við úthlutun á lóðinni við Hverfisgötu 12.

Kominn er tími á að lagfæra húsið og er vilji eiganda að tryggja varðveislu hússins. Verði húsið flutt að Hverfisgötu 12 mun það njóta sín betur innan um önnur gömul hús, en á núverandi stað sem hefur tekið miklum breytingum frá þeim tíma sem húsið er byggt. Nú er það staðsett í miðbæ Hafnarfjarðar, stakstætt innan um margfalt stærri byggingar, ekki hluti af samstæðri heild. Nýtingarmöguleikar eru takmarkaðir á núverandi lóð.

#### **Forsaga:**

Til að setja umsóknina í samhengi og varpa frekara ljósi á áform okkar, viljum við rekja stuttlega sögu hússins að Strandgötu 17 og annað því tengt.

Þegar húsið að Strandgötu 17 var reist árið 1893 var það eitt stærsta og glæsilegasta hús í Hafnarfirði. Hendrik Jóhannesson Hansen langafi okkar byggði húsið. Hann var skipstjóri og fiskaði fyrir Hollendinga. Hann keypti sér bát og réri frá fjörunni fyrir neðan Strandgötu 17 þar sem Thorsplanið stendur í dag. Hann átti bryggju þar sem Íslandsbanki stendur nú. Hann fiskaði frá Hafnarfirði, var fengsæll fiskimaður og veiddi m.a. rauðmaga, hrognkelsi og lúðu. Hendrik giftist Jónínu Jónsdóttur frá Hraunbrýði þ. 30. sept 1893 og fluttu þau í húsið, nýbyggt. Síðan hefur fjölskylda þeirra alltaf búið í húsinu. Dóttir Hendriks og Jónínu, Hendrikka Jónína Hendriksdóttir Hansen, giftist Ólafi Runólfssyni frá Vík í Mýrdal árið 1922. Þau hjón bjuggu í húsinu ásamt þeim foreldrum Hendrikku. Í þá daga var ekkert elliheimili til og allir bjuggu í sátt og samlyndi. Í húsinu bjó einnig Jóhanna Guðmundsdóttir sem var fötluð.

Sigríður Ragnheiður Ólafsdóttir, fæddist í húsinu árið 1923 en þá bjuggu í húsinu níu manns, fjölskyldan ásamt vinnufólki. Systir Sigríðar, Guðný Ólafsdóttir fæddist 1932. Faðir þeirra, Ólafur Runólfsson, var lærður búfræðingur frá Hvanneyri og stundaði verslun við Strandgötu 17. Einnig stundaði hann búskap við Smyrlahraun í Hafnarfirði sem var ekki langt frá heimili hans við Strandgötu. Þar var hann með stóra hlöðu, fjós, fjárhús og hænsni. Hann var með

sláturhús og var öflugur bóndi í Hafnarfirði. Í viðbyggingu við Strandgötu 17 var Ólafur með útungunarvél fyrir hænsni og fór með ungana upp í hænsnahúsin við Smyrlahraun. Hann var mikill athafnamaður með fleiri hundruð hænsni, um 100 kindur, 22 kýr og þrjá hesta. Hann var með stóra matjurtagarða með rabarbara, kartöflur og rófur. Ólafur var stórhuga athafnamaður í Hafnarfirði. Hann keypti túnin af kapólsku prestunum upp á Holti sem enn í dag er kallað Óla Run tún.

Húsið að Strandgötu 17 hefur verið í eigu fjölskyldunnar alveg frá upphafi og er enn. Eftir þetta þróaðist byggð í Hafnarfirði, landbúnaður lagðist af og miðbærinn byggðist upp. Ströndin fékk landfyllingar og hús risu fyrir framan Strandgötuna þar sem strandlengjan og sjórinn var áður.

### **Ástæður erindisins:**

Eins og fram kemur í forsögunni hefur húsið verið í sömu ætt frá því það var byggt fyrir 129 árum síðan og þar af leiðandi friðað. Húsið liggur nú undir skemmdum og gæti senn byrjað að eyðileggjast. Það hvílir nú að hluta til á steiptum grunn. Fari það á Hverfigötu fer það á nýjan steiptan grunn með nýjum lögnum. Það verður endurnýjað og góð loftun tryggð til að varna skemmdum. Það þarf því að gæða húsið nýju lífi, flytja það í heilu lagi og koma fyrir á öðrum stað.

Vegna sögunnar er æskilegt að húsið verði nálægt þeim stað sem það stendur nú og þarf það nauðsynlega að vera í eldri hluta bæjarins, innan um hús svipaðrar gerðar. Á umræddri lóð á Hverfigötu fellur það algerlega að byggðamynstrinu. Stilla má hæð þess og staðsetningu á lóðinni þannig að vel fari og samræmist þeim kröfum sem settar eru fram í auglýsingunni. Lóðin er í halla þannig að mögulegt er að gera kjallara undir húsinu alveg eins og fyrirkomulag er nú á Strandgötu. Við það má tryggja nýtingu hússins þannig að það gæti haft mikið notagildi og staðið um langan aldur. Húsið á þessari lóð myndi styrkja bæjarmyndina og að mati undirritaðra fegra „gamla bæinn“.

Húsið getur ekki verið nær upprunalegri staðsetningu en á Hverfigötu 12 sem er mikilvægt atriði og gefur húsinu sérstöðu umfram önnur sem til greina kæmi að flytja á lóðina.

Það hefur mikið tilfinningagildi fyrir okkur sem ólumst upp í húsinu og til heiðurs móður okkar sem lést vorið 2017 að framtíð hússins og ásýnd þess verði tryggð.

Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við Svein Alfreðsson í síma 8628670 netfang: [sveinnalf@gmail.com](mailto:sveinnalf@gmail.com) eða Harald Ingvason hjá Plúsarkitektum í síma 8984959 [hi@plusark.is](http://hi@plusark.is)

Hendrikka Jónína Alfreðsdóttir 110158-4759

Ólöf Petrína Alfreðsdóttir Anderson 261258-5879

Sveinn Alfreðsson 100360-2259

Eigendur Hendrikshúss sem stendur við Strandgötu 17 í Hafnarfirði.

Fyrir hönd eigenda Hendrikshúss  
Sveinn Alfreðsson